

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Daði Már Kristófersson ráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2026

Efni: Samskipti ráðuneytisins við Eftirlitsstofnun EFTA vegna rangrar tollflokknar á pitsuosti

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til bréfs ráðuneytisins til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 24. nóvember 2025, en FA hefur fengið aðgang að því bréfi (sjá fylgiskjal). Í framhaldi af kvörtun FA til ESA vegna rangrar tollflokknar íslenskra stjórnvalda á pitsuosti með viðbættri jurtaolíu sendi stofnunin ráðuneytinu formlegt áminningarbréf 9. apríl 2025. Þar komst eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að ostur með viðbættri jurtaolíu félli undir gildissvið EES-samningsins þegar mjólkurfituinnihald væri allt að 15%. Í ákvörðun ESA kom fram að ef ostur með viðbættri jurtaolíu hefði verið rétt flokkaður í samræmi við tollflokkun Alþjóðatollastofnunarinnar (WCO) og EES-samninginn, bæri ekki að leggja tolla á vörurnar. Með því að flokka vöruna í rangan tollflokk og leggja tolla á hana, hefði Ísland brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum.

Ráðuneytið svaraði bréfi ESA 5. september 2025 og hafnaði því raunar að hafa gerzt brotlegt við EES-samninginn, en sagði það hins vegar almenna stefnu íslenskra stjórnvalda að fylgja ákvörðunum WCO um tollflokkun. Í ljósi þess að endanlegur dómur hefði verið kveðinn upp í máli sem varðaði tollflokkun þessarar sömu vöru væri það eingöngu á valdi löggjafans að gera breytingu á tollflokkuninni. Fjármála- og efnahagsráðherra hefði því ákveðið að leggja fram frumvarp til breytingar á tollalögum til að breyta tollflokkuninni til samræmis við ákvörðun Alþjóðatollastofnunarinnar.

ESA sendi ráðuneytinu enn bréf 23. október 2025 og fór fram á upplýsingar um hvenær framlagning frumvarpsins væri áformuð. Ofangreint bréf frá 24. nóvember er svar við því bréfi.

Í bréfi ráðuneytisins kemur meðal annars fram að fjármála- og efnahagsráðuneytið hyggist undirbúa frumvarp í nánú samstarfi við atvinnuvegaráðuneytið. Síðarnefnda ráðuneytið hafi byrjað viðræður við Bændasamtök Íslands um endurnýjun nágildandi búvörusamninga, sem falli úr gildi í árslok 2026. Ráðuneytið segir að þessar viðræður eigi meðal annars að fjalla um áhrif ofangreindra áformaðra breytinga á tollalögum á innlenda framleiðendur. Íslensk stjórnvöld telji mikilvægt að ljúka viðræðum við Bændasamtökin um áformaðar breytingar á tollalögum áður en lagt verði fram frumvarp á Alþingi. Ráðuneytið greinir jafnframt frá því að þess hafi verið vænt að viðræður yrðu komnar vel áleiðis er bréfið var sent, en þær hafi dregizt vegna anna í atvinnuvegaráðuneytinu. Nú sé búizt við að viðræður verði vel á veg komnar vorið 2026 og þá sé kominn grundvöllur til að leggja fram frumvarp á Alþingi til breytinga á tollalögum.

FA lýsir yfir mikilli furðu á þessu svari ráðuneytisins til ESA og leyfir sér að benda ráðuneytinu á tvennt.

Í fyrsta lagi getur hlítni Íslands við alþjóðasamninga á borð við EES-samninginn eða samninginn um Alþjóðatollastofnunina ekki verið neitt samningsatriði við einkaaðila á borð við Bændasamtök Íslands. Sama gildir um viðhald þeirrar löngu – og þar til nýlega óslitnu – stjórnsýsluhefðar að fara eftir álitum Alþjóðatollastofnunarinnar um tollflokkun. Það skiptir máli fyrir traust í milliríkjaviðskiptum Íslands að ákvarðanir stjórnvalda sveiflist ekki eftir duttlungum sérhagsmunahópa, heldur sé farið að alþjóðlegum skuldbindingum.

Því verður illa trúað að núverandi ríkisstjórn hyggist halda áfram þeim stjórnsýslufarsa sem einkenndi tollflokunarmálið í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar, þar sem látið var undan kröfum sérhagsmunaaðila í landbúnaði, gengið gegn áliti tollflokunarsérfræðinga Skattsins þannig að þeir sögðu sig frá málinu, gögnum stungið undir stól og þeim meðal annars leynt fyrir dómstólum og stjórnsýslulög brotin á félagsmanni FA, sem flutti inn vöruna sem um ræðir, með því að halda ítrekað frá honum gögnum málsins. Nú þykir FA einfaldlega kominn tími til að fara að lögum og alþjóðasamningum.

Í öðru lagi bendir FA á að fyrir liggur að atvinnuvegaráðuneytið hefur lagt til við Bændasamtök Íslands að gildistími núverandi búvörusamninga verði framlengdur út árið 2027. Fyrir vikið mun viðræðum um búvörusamninga væntanlega alls ekki ljúka nú í vor. Þetta lá fyrir opinberlega snemma í nóvember, áður en ráðuneytið sendi ESA ofangreint erindi, og verður bréfið enn furðulegra í því ljósi.

Ef ráðuneytið telur á annað borð viðeigandi að eiga í samtali við hagsmunasamtök um jafnsjálfsagðan hlut og að fara að ákvæðum EES-samningsins og hlíta ákvörðunum Alþjóðatollastofnunarinnar um tollflokkun, óskar FA eftir fundi með ráðuneytinu um málið.

Svars við bréfi þessu er óskað hið fyrsta.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjal: Bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins til ESA 24. nóvember 2025

Afrit:
Atvinnuvegaráðuneytið
Eftirlitsstofnun EFTA